



Leikmaður undir aldri

vegna þátttöku í U18 ára aldursflokki í íshokki.

Yfirlýsing leikmanns, þjálfara og foreldris/forráðamanns.

Þeir leikmenn sem hyggjast leika með U18 og eða U20 karla og eru yngri en 16 ára verða að hafa náð að lágmarki 15 ára aldri á því almanaksári sem leikið er á. Þeir verða að undirrita þessa yfirlýsingu og senda hana til skrifstofu ÍHÍ (vidarg@ihi.is). Skrifstofan staðfestir móttöku og gefur út leikleyfi fyrir viðkomandi leikmann.

Vitneskja

Undirritaður leikmaður ásamt foreldri/forráðarmanni hafa í dag fengið vitneskju um að leikmenn sem eru yngri en að verða 15 ára á almanaksárinu sem leikið er á, geta ekki keppt á Íslandsmótinu í U18 aldursflokki nema fylla út þetta eyðublað og senda það inn til skrifstofu ÍHÍ til að hljótt keppnisleyfi. Áðurnefndir aðilar gera sér grein fyrir því að leikmaðurinn er undir þeim aldurstakmörkunum sem reglur gera ráð fyrir. Einnig er fyrirnefndum aðilum ljóst að leikmaðurinn getur, vegna ungs aldurs og aldursmunar hans og annarra sem kunna að taka þátt, verið í meiri hættu á að meiðast eða verða fyrir öðru tjóni með þátttöku í leik eða æfingum í meistaraflokki. Leikmaður ásamt foreldri/forráðamanni er það einnig ljóst að með þátttöku í æfingum/keppni með meistaraflokki, gengst leikmaðurinn undir þær skyldur er snúa að viðurlögum gagnvart agabrotum, lyfjaeftirliti sem lagðar eru á íþróttamenn í U18 keppnisflokki, þar með talin lyfjapróf og nafnabirtingar í úrskurðum aganefndar.

Yfirlýsing

Það er ósk undirritaðs leikmanns ásamt þjálfara og foreldri/forráðamanni hans, að honum verði heimil þátttaka í meistaraflokki á Íslandsmótinu í íshokki þrátt fyrir að uppfylla ekki aldursskilyrði þau sem sett eru í reglugerðinni um Íslandsmótið í íshokki. Undirritaður leikmaður og foreldri/forráðamaður hans lýsa því hér með yfir að þau telja leikmann bæði andlega og líkamlega tilbúinn til að æfa og leika í meistaraflokki á Íslandsmótinu í íshokki. Með undirritun á skjal þetta lýsa leikmaðurinn og foreldri/forráðamaður hans yfir að þau muni ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur: a) Íshokkisambandi Íslands (ÍHÍ) eða öðrum þeim er starfa á vegum ÍHÍ. b) aðildarfélagum ÍHÍ eða þeim er starfa á þeirra vegum. c) leikmönnum aðildarfélaga ÍHÍ. verði leikmaðurinn fyrir slysi eða öðru tjóni sem má rekja til þátttöku leikmannsins í meistaraflokki Íslandsmótsins í íshokki. Yfirlýsing þessi nær þó ekki til kæru sem getur komið til vegna brota skv. almennum hegningarlögum.

Staður _____ Dagsetning _____

Nafn leikmanns
í prentstöfum

Nafn foreldris/forráðamanns
í prentstöfum

Nafn þjálfara
í prentstöfum

Leikmaður
undirritun

foreldri/forráðamaður
undirritun

Þjálfari
undirritun